

TILLAGA

að starfsreglum um breyting á starfsreglum um
kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009, með síðari breytingu
(Lagt fyrir 57. kirkjuþing 2018)

Flutt af kirkjuþingi unga fólksins
Frsm.: Berglind Hönnudóttir

1. gr.

2. máls. 1. gr. starfsreglnanna orðast svo:
Þingið skal haldið að vori og starfi í tvo daga yfir helgi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað tölustafsins „2“ fyrir framan orðið æskulýðsleiðtogar í staflíðum a)-c) í 1. mgr. kemur:
3.
- b. Á eftir orðinu „kirkjuþinginu“ í 2. mgr. kemur: sem hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.
- c. 1. máls. 3. mgr. orðast svo: Fulltrúar skulu vera á aldursbilinu 14 til 30 ára, skráðir í þjóðkirkjuna og starfandi og/eða búsettir í því kjördæmi sem þeir sitja fyrir.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Athugasemdir við tillögu þessa.

Kirkjuþing unga fólksins hefur verið starfandi um árabil og mörg góð málefni farið í gegnum þingið. Þessar tillögur eru settar fram af þeirri reynslu sem fengist hefur á þeim tíma og einhugur var um og samþykktar voru á síðasta Kirkjuþingi unga fólksins með öllum atkvæðum. Tillögunum er ætlað að skerpa á og bæta nýtingu þingsæta og skila vandaðri niðurstöðum á þinginu.

Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Það hefur sýnt sig að í núverandi mynd þar sem þingið nær yfir einn laugardag að gjarnan þarf að flýta málum í gegnum nefndarvinnu til þess að klára seinni umræðu fyrir lok þingfundar. Því er lagt til að kirkjuþing unga fólksins verði lengt í tvo samliggjandi þingdaga. Með því móti gefst tækifæri til að dýpka umræðu mála og skila vandaðri niðurstöðum. Breyting á kostnaði er óveruleg og snýr helst að fæði og verkefnastjórn þar sem ekki eru greidd nefndarlaun á Kirkjuþingi unga fólksins.

Um 2. gr.

Þessi breyting tekur mið af skipan og skiptingu þingsæta á hinu almenna kirkjuþingi og færir kirkjuþing unga fólksins til samræmis við það og tryggir sambærilega dreifingu þingsæta milli landshluta. Kirkjuþingi unga fólksins er ætlað að vera hluti af stjórnskipan þjóðkirkjunnar og vera vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar, samanborið við 2. gr. starfsreglna. Líkt og á hinu almenna kirkjuþingi þar sem fyrir hönd sjálfstæðra stofnana er lúta eigin stjórn sitja fulltrúar þeirra með málfrelsi og tillögurétt er lagt til að frjálsum félagasamtökin KFUM og KFUK hafi á sama hátt þingsæti með málfrelsi og tillögurétt.